



## Formáli

Hér eru nokkrar athugasemdir og ábendingar frá VÁ félagi um vernd fjarðar. Vissulega er verið að skerpa eitthvað á lögum frá núgildandi lögum en ekki nægilega að mati VÁ. Það þarf að koma betur í veg fyrir neikvæð áhrif á umhverfið, vistkerfið, villta stofna fiska og fugla og lífríkið allt. Það verður að vera skýrt lögunum að komið verði í veg fyrir allt dýranið í þessari atvinnugrein. Virðum landið og sjóinn umhverfis það, sem hefur alið og fætt Íslendinga í gegnum aldirnar. Þessi atvinnugrein á ekki að fá að sóða og menga allt hér. Löggin þurfa að vera ströng og fyrirtækin að taka fulla ábyrgð á sjálfum sér. Löggin þarf að endurskoða reglulega til að tryggja sem best tilverurétt villta laxastofnsins og náttúrunnar á hverjum tíma.

## Umhverfismat og umhverfisvernd

Náttúran og nærumhverfið allt á skilyrðislaust að njóta vafans og engan afslátt má gefa af því í lögum um lagareldi. Umhverfisslys eins og í fyrra og undanfarin ár eiga ölla að vera á kostnað fyrirtækjanna í lögunum.

VÁ tekur undir hugmyndir Jóhannesar Sturlaugssonar um umhverfishúftryggingu: *“Um leið er nauðsynlegt að stjórnvöld sjái til þess að lögfest verði að sjókvíeldisaðilum sé skylt að vera með umhverfishúftryggingar sem kosta muni þær bráðaaðgerðir sem ráðast þarf í með reglubundnum hætti vegna þess subbuskapar og mengunar sem fylgir eldi í götöttum netpokum – ekki síst þegar leyft er að ala framandi stofna við slíkar aðstæður.”*

Umhverfismat var gert og kynnt í tæplega árgömlu strandsvæðaskipulagi. Strandsvæðaskipulagið fer ekki alls staðar eftir umhverfismati þess. Leyfisveitendur UST og MAST þurfa að fá lög í hendurnar, þar sem hægt er að hafna svæðum úr strandsvæðaskipulaginu, sem standast ekki umhverfismatið. T.d. þar sem fjarlægð frá árósum er of lítil, svæði eru þvert á árósa, eru yfir grænum svæðum eða undir bröttum hlíðum þar sem stór umhverfisslys geta orðið vegna ofanflóða.

Landeigendur þarf að virða og þeir hefðu átt að vera með í strandsvæðaskipulaginu, þar sem þeir eiga lögvarðan rétt 115 m út frá stórstraumsfjöru. Þeir eiga að geta nýtt eign sína t.d. fjöruna fyrir æðarrækt án þess að eiga það á hættu að grútur og eiturefni annarra fyrirtækja taki land þeirra yfir. Landeigendur og íbúar í nærsamfélögum eiga að koma að mótun strandsvæðaskipulags og hafa rödd ef tillaga stríðir gegn vilja þeirra.

Lagareldislögin verða að vera skýr með það, að leyfi verði ekki veitt þar sem sjókvíeldi skarast á við aðra atvinnustarfsemi, sem fyrir eru á svæðinu.

Tryggja þarf í nýjum lögum um Lagareldi að ekki sé vaðið yfir íbúa nærsamfélags með mengandi atvinnustarfsemi sem íbúar samfélagsins kæra sig ekki um (samkvæmt óháðum og marktækum skoðanakönnunum) Lögin þurfa að vera afturvirk og tryggja að svo siðferðilega röng ákvörðun eigi sér ekki stað.

## **Eftirlit**

Ef eldisfyrirtæki fær rekstrar- og starfsleyfi við Íslandsstrendur, á það sjálft að eiga neðansjávarmyndavélar og neðansjávardróna til að annast eftirlit a.m.k. vikulega með öllum kvíum þess og botninum undir þeim allt að 200 m út fyrir úthlutað eldissvæði. Þetta á allt að vera beintengt eftirlitsaðilum í rauntíma. MAST og UST eiga líka að geta kallað eftir auka eftirliti fyrirvaralaust hjá fyrirtækjunum á kvíum og eldissvæðum.

Það sama á við með eftirlit með ljósastýringu kvía á lögbundnu tímabili. Það á að vera beintengt við eftirlitsaðila.

Allt eftirlit á alfarið að vera á kostnað hvers fyrirtækis.

MAST á að hafa sterk og skýr lög á bak við sig til að geta svipt fyrirtæki leyfi með stuttum fyrirvara, ef það sér í stjórnstöð sinni að það er ekki verið að fara að lögum með allt eftirlit. Það þarf að koma í veg fyrir og útiloka með öllu hörmungarumhverfisslys eins og t.d. frá því í ágúst í fyrra hjá Arctic Fish.

Það á að vera skilyrðislaus krafa stjórnvalda að eingöngu sé notaður ófrjór lax í sjókvíaeldi.

## **Áættumat siglinga**

Siglingaáhættumat á að liggja fyrir áður en leyfi til sjókvíaeldis er veitt, og það þarf að taka tillit til umferðarþunga og stærðar skipa. Það hefur ekki verið raunin hingað til í fyrri úthlutunum. Fyrsta áhættumat siglinga lá fyrir í haust fyrir Ísafjarðardjúp, og hefur sýnt að strandsvæðaskipulagið stenst ekki þar. Eldissvæðin í strandsvæðaskipulaginu eru valin af umsækjendum, en ekki úthlutað af Hafró eins og á að vera. Lög um lagareldi þurfa að vera skýr með það, að eldið brjóti ekki á og sé ekki í andstöðu við önnur lög. Siglinga- og vitalög eru brotin í strandsvæðaskipulaginu, og það þarf að vera skírt ákvæði í lagareldislögunum um að vinna verði hratt að því að koma öllum eldissvæðum úr hvítum ljósgeirum vita og hefðbundnum siglingaleiðum. Eins þarf að vera skírt ákvæði um að ekkert nýtt svæði sé sett inn í hvíta ljósgeira vita eða siglingaleiðir eða nær þeim en 200 - 300 m eins og Landhelgisgæslan hefur sett fram sem kröfu.

Lög um lagareldi þurfa að vera skýr með það að áhættumat siglinga liggi alltaf fyrir og sé gert af opinberum aðilum, en ekki af eldisfyrirtækjunum eins og gert er nú. Það getur aldrei orðið óháð mat. Ríkið ber alla ábyrgð á að siglingaleiðir og siglingakort við landið séu rétt skv. alþjóðlegum siglingalögum.

## **Rekstrarleyfi**

Leyfi mega ekki vera ótímabundin, framseljanleg og veðsetjanleg eins og talað er um í lagafrumvarpinu. Það er algerlega óásættanlegt.

Miðað við öll áföll síðustu fimm ára, skal rekstrarleyfi aldrei gefið út til lengri tíma en 5 ára og á að stytta tímunn ef alvarleg áföll verða á tímabilinu. Engir hvatar verði í boði, því það er alltaf fyrirtækinu í hag að gera sem best. Lögin þurfa að vera skýr með það að ekki sé hægt að sækja um endurnýjun leyfis ef brot liggja fyrir. Fyrirtæki, sem er í lögreglurannsókn vegna mjög alvarlegra brota, á án tafar að taka allar sínar sjókvíar upp, og allt sem þeim tilheyrir burt af haffletinum.

Lögin um lagareldi þurfa að vera skýr um eftirfarandi:

- að tekin sé leiga – gjald af auðlind allra landsmanna
- að sjókvíaeldisfyrirtækin þurfi að borga aflagjöld og hafnargjöld
- að áhættumat erfðablöndunar sé unnið af heilindum óháðra vísindamanna og það sé endanlegt og bindandi fyrir alla. Pólitískur ráðherra á ekki að geta breytt því. Framtíð villta laxins og náttúru Íslands á ekki að vera háð pólitískum duttlungum.
- að leyfileg áföll verði að hámarki 10%.
- að tekið sé hart á lúsafaraldri hjá sjókvíaeldisfyrirtækjum, og þau tileinki sér aðferðir á sinn kostnað við að koma í veg fyrir faraldur án þess að fara á svig við lög um dýravelferð. Lúsaeitur þarf að vera í algjöru lármark eða bannað við þessa matvælaframleiðslu.
- að refsing fyrir slysasleppingar verði há og margfalt hærri en í frumvarpinu og varanleg. Allur kostnaður vegna stroks verði að fullu greiddur af fyrirtækjunum.

Þessi upptalning okkar hjá VÁ er ekki tæmandi. VÁ treystir á sterkan lagaramma frá Alþingi um þennan mengandi matvælaíðnað, sem nú þegar er farinn að hafa slæm áhrif á umhverfið og þjóðarsálina.

VÁ er á móti og vill banna sjókvíaeldi eins og 70% landsmanna. VÁ gerir samt ofangreindar athugasemdir í von um að geta haft einhver áhrif á framvindu mála.

Það þarf að fara að hlusta á þjóðina.

F.h. VÁ félags um verndun fjarðar

Benedikta Guðrún Svavarsdóttir formaður

Sigfinnur Mikaelsson gjaldkeri

Magnús Guðmundsson

Anna Dóra Árnadóttir

Þóra Guðmundsdóttir

Ásrún Mjöll Stefánsdóttir